

Fámennir skólar
Er tilvist þeirra í hættu?

Sigurður J. Hafberg

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fámennir skólar
Er tilvist þeirra í hættu?

Sigurður J. Hafberg

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Gunnlaugur Sigurðsson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Fámennir skólar. Er tilvist þeirra í hættu?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Sigurður Hafberg

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Flateyri, Ísland 2011

Úrdráttur

Ritgerð þessi fjallar um fámenna skóla og er aðallega horft til Ísafjarðarbæjar þar sem umræðan um sameiningu skóla hefur verið áberandi það sem af er öldinni. Sum þessara sameiningaráforma hafa gengið eftir en önnur ekki. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga hefur verið mikil umræða út um allt land um að sameina skóla innan hvers sveitarfélags fyrir sig. Víða hefur verið hart deilt um málið en annarsstaðar hafa skólar verið sameinaðir í fullri sátt allra hagsmunaaðila. Hér verður reynt að varpa ljósi á hlutverk grunnskóla í fámennum byggðum og hvaða afleiðingar það gæti haft ef þeirra nyti ekki lengur við. Meginsjónarmið í þessari umræðu eru fjárhagsleg áhrif sameininga, fagleg áhrif og samfélagsleg áhrif. Vitnað er í ræður og rit sem tengjast þessari umræðu og skyggst í fræðilega úttekt bæði innlendra og erlendra sérfræðinga.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur..... | 6 |
| 2. Sögulegt yfirlit..... | 6 |
| 2.1 Fámennir skólar-skilgreiningar og lýsingar | 6 |
| 2.2. Sveitarfélagið Ísafjarðarbær | 8 |
| 2.3. Sameiningartilraun Holtsskóla og Flateyrarskóla í Grunnskóla Önundarfjarðar | 9 |
| 2.4. Hugmyndir að flutningi unglingsstigsins frá Flateyri og Suðureyri til Ísafjarðar | 11 |
| 2.5. Sparnaður | 13 |
| 2.6. Hugmyndir um flutning unglingsstigs 2006 og 2009 | 13 |
| 2.7. Fagleg atriði | 14 |
| 2.8. Félagslegt atriði..... | 15 |
| 3. Staðan í dag | 16 |
| 3.1. Sjónarmið íbúa | 16 |
| 4. Samfélagið í varnarbaráttu | 18 |
| 4.1. Kenningar..... | 18 |
| 4.2 Nemendapróun | 19 |
| 5. Hvert stefnir? | 21 |
| 5.1. Staða sveitarfélaga | 21 |
| 5.2. Samvinna smærri skóla | 22 |
| 5.3. Foreldraviðtöl..... | 23 |
| 5.4. Framtíðin..... | 25 |
| 6. Lokaorð..... | 26 |
| 7. Heimildir..... | 27 |

1. Inngangur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða kosti þess og ókosti að leggja niður grunnskóla í fámennum byggðum og sameina þá stærri skólum innan sveitarfélagsins. Megináhersla er lögð á að spá fyrir um hvaða áhrif lokun skóla í fámennu sveitarfélagi hafi á samfélagið til lengri tíma litið. Þá verður nokkuð fjallað um kosti og galla fámennra skóla en margt hefur verið ritað um það á síðustu árum en minna horft á afleiðingar lokunar á minni samfélög.

Á undanförunum 25 árum hafa sveitarfélög verið að stækka með sameiningu sveitanna og minni byggðakjarna við stærri staði. Umræðan um sameiningu skóla hefur orðið æ háværari síðastliðin tíu ár og þá sérstaklega frá árinu 2006 þegar þrengja fór um fjárhag sveitarfélaga. Í ritgerðinni verður mest horft til byggðarlaga á Vestfjörðum og þá sérstaklega innan Ísafjarðarbæjar.

Ljóst er að nemendum í grunnskólum á landsbyggðinni hefur fækkað mikið á síðustu árum og kemur þar margt til. Fleira fólk flytur frá landsbyggðinni en til hennar. Einnig er það þekkt staðreynd að fólk almennt eignast ekki jafn mörg börn og áður. Út frá þessum sjónarmiðum má segja að þeir sem tala fyrir því að sameina skóla hafi nokkuð til síns máls. Fjarlægð milli staða er ekki ýkja mikil og vegir verða sífellt betri og öruggari.

Ég mun kynna rök beggja aðila þ.e. þeirra sem vilja halda þorpsskólunum og hinna sem vilja sameina þá stærri skólum. Máli mínu til stuðnings mun ég vísa í ýmiskonar gögn. Má þar nefna skýrslur sem gerðar hafa verið í tengslum við sameiningarhugmyndir, ritgerðir sem skrifaðar hafa verið um efnið, bæði af innlendum og erlendum fræðimönnum. Loks má nefna greinar úr bæjarblöðum og viðtöl sem tekin hafa verið við hagsmunaaðila.

2. Sögulegt yfirlit

2.1 Fámennir skólar-skilgreiningar og lýsingar

All margar skilgreiningar eru til á fámennum skólum en samkenntilgreiningin er viðurkennd hér á landi og notuð af Samtökum um fámenna skóla: „Skilgreina

má skóla sem fámennan þegar tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman vegna fæðar nemenda“ (Þóra B. Jónsdóttir 2000, bls. 36).

Alþjóðlegar rannsóknir á fámennum skólum eru fáar. Skilgreiningar á þeim eru mismunandi erlendis, miðast ýmist við nemendafjölda, kennarafjölda, deildafjölda eða landfræðilegar aðstæður. Einnig eru aðstæður í skólumálum breytilegar eftir löndum. Nokkuð erfitt er því að bera saman íslenska og erlenda svokallaða fámenna skóla.

Í rannsókn Hayes frá 1993 telur hann upp nokkra þætti í sambandi við fámenna skóla sem geta átt við íslenskar aðstæður. Þau atriði eru: Samkennsla árganga; kennarar þurfa að undirbúa kennslu í mörgum fögum dag hvern og kenna fög sem þeir hafa ekki sérþekkingu á. Tæki, gögn, bóka- og upplýsingasöfn geta í sumum tilfellum verið takmörkuð, framhaldsskólar eru stundum fjærri, kennarar einangraðir m.a. frá endurmenntun og verslun. Þá eru miklar kröfur um þátttöku í athöfnum samfélagsins. Kennarar upplifa einmanaleika þegar þeir reyna að aðlagast lokuðum samfélögum og eiga erfitt með að aðlagast veðráttu. Þrátt fyrir fjölbreytileika fámennra skóla eru þetta atriði sem margir þeirra eiga sameiginleg (Þóra Björk Jónsdóttir 2000).

Harber (1996) segir að komist hafi verið að þeirri niðurstöðu í rannsókn á fámennum skólum í Norður-Wales að þar hafi frumkvöðlastarf verið unnið í ýmsum kennsluáðferðum sem stórir skólar hafi svo tekið í notkun. Samkvæmt Harber þá segir skólastjóri fámenns skóla í Frakklandi að vinnubrögð og kennsluhættir fámenna skólans séu orðnir fyrirmynd sem notuð sé í kennaranámi þar í landi (Þóra Jónsdóttir, 2000).

Ingvar Sigurgeirsson (1989) kemst að þeirri niðurstöðu að kennarar í fámennum skólum séu duglegri að nýta sér kennaranámskeið en kennarar stærri skóla og fylgist einnig vel með nýungum, séu iðnir við að safna sér gögnum og nýta þau. Þá séu þeir líklegir til að nota sveigjanlega kennsluhætti svo sem einstaklingsbundið nám.

Vulliamy o.fl. (1997) segja að fámenna skóla einkenni sérstakt andrúmsloft og skólabragur. Skólinn sé líkur fjölskyldu með óformlegum samskiptum milli nemenda, kennara og starfsfólks. Þá sé minna um formlegheit, siðvenjur og

fastheldni en í stórum skólum og nánara samband milli samfélags og skóla sem byggir frekar á munnlegum skilaboðum en skriflegum. Þessi einkenni eru sögð birtast í rannsóknum á fámennum skólum víða um lönd og eiga í mörgum tilfellum vel við hér á landi (Þóra Jónsdóttir, 2000).

Fámennir skólar einkennast sem sagt ekki alltaf af þeim erfiðleikum sem raktir eru hér að framan samkvæmt Hayes. Þeim fylgir oft notalegur andi, nemendur og kennarar þekkjast vel og samskipti eru nán. Ef starfsfólk skólans er framsækið og lagar kennslu sína að aðstæðum má halda því fram að skólinn geti verið í hópi betri skóla sem nemendur eigi völ á (Þóra Björk Jónsdóttir, 2000).

2.2. Sveitarfélagið Ísafjarðarbær

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til með sameiningu sex sveitarfélaga árið 1996. Sveitarfélögin voru Mýrarhreppur, Mosvallahreppur, Suðureyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Þingeyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Í öllum hreppunum var rekinn grunnskóli. Í Mosvallahreppi höfðu unglíngarnir sótt skóla á Flateyri í nokkur ár. Í Mýrarreppi sótti unglíngastigið nám til Þingeyrar frá árinu 1994. Grunnskólinn að Núpi var lagður niður að hausti sameiningarárið 1996. Það var gert í samráði við íbúa og í fullri sátt. Gerður var sá fyrirvari að hægt yrði að breyta í fyrra horf ef með þyrfti. Að sögn tveggja viðmælenda, foreldra í Mýrarreppi hinum forna, þótti þetta góð ráðstöfun og engar óskir komu fram um að breyta þessu fyrirkomulagi.

Þorpin Flateyri, Þingeyri og Suðureyri byggðust upp í lok 19. aldar og hefur landbúnaður og síðar sjávarútvegur verið helsta atvinnugrein þeirra. Fólksfjöldi á stöðunum hefur verið á bilinu 250 til 400 manns og fjöldi nemenda grunnskóla þeirra verið frá 25 upp í 60. Ísafjarðarkaupstaður var stærstur þéttbýlisstaða á Vestfjörðum og var íbúafjöldi þar 3051 sameiningarárið. Í dag er íbúafjöldi þar 2636 (Hagstofa Íslands, 2011). Samkvæmt upplýsingum frá Grunnskólafulltrúa Ísafjarðarbæjar var nemendafjöldi á Ísafirði var 540 við sameiningu en er nú 416.

2.3. Sameiningartilraun Holtsskóla og Flateyrarskóla í Grunnskóla

Önundarfjarðar

Vorið 1997 kom beiðni frá Skóla- og menningarfulltrúa Ísafjarðarbæjar um að gerð yrði tilraun með að skipa einn skólastjóra yfir Grunnskóla Flateyrar og Grunnskóla Mosvallahrepps. Aðalmarkmið með þeim breytingum var að styrkja og efla skólastarf á báðum stöðum. Þá yrði fengin sérfræðiaðstoð meðan á tilraun stæði til aðstoðar við þróun og gerð verkefnisins. Fallist var á beiðnina að því gefnu að litið yrði á þetta sem tilraun sem tekin yrði út af óháðum aðilum að loknu tilraunaárinu. Niðurstaðan varð sú að árin urðu tvö. Fráfarandi skólastjóri í Holti, Rósa B Þorsteinsdóttir, var skólastjóri fyrra árið en Sigrún Sóley Jökulsdóttir hið síðara. Í kjölfar þessarar tilraunar lét Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands gera skýrslu að beiðni skólastjóra Grunnskóla Önundarfjarðar. Í henni var fjallað um hvernig tilraunin hefði tekist og þeir valkostir metnir sem þá voru í sjónmáli.

Niðurstöður matsmanna eru þær að þetta fyrsta skólaár hafi vel tekist til með tilraunina og að almennt séu hagsmunaaðilar ánægðir með breytinguna og sjái fátt því til fyrirstöðu að haldið verði áfram á sömu braut. [...] Lagt er til að næsta skólaár verði haldið óbreyttri tilhögun en þó kannað hvort auka megi tengsl jafnaldra í byggðinni. Næsta skólaár verði jafnframt vel nýtt til að veða og meta framtíðarkosti og marka stefnu sem dregur í óvissu (Birgir Einarsson og Ólafur Jóhannsson, 1999, bls. 5 og 28).

Sama ár og tilrauninni lauk gerðu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sama skóla, þær Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Krístrún Lind Birgisdóttir skýrslu vegna sameiningar Holtsskóla og Grunnskóla Flateyrar 1997-1999. Fyrra skólaárið voru 70 nemendur í skólanum. Tuttugu og tveir voru í Holti en fjörutíu og átta nemendur á Flateyri í fimm samkennsluhópum. Í skýrslunni kemur fram að helstu markmið með sameiningunni hafi verið þessi:

- Að styrkja og efla skólastarf á báðum stöðum.
- Að nýta íþróttamannvirki á Flateyri og kennslutæki sem fyrir voru í skólanum á þar.

- Að nýta sérsvið kennara og leiðbeinenda við skólann sem best.
- Að bæta hegðun og aga nemenda.
- Að kennarar sömu árganga ynnu saman.
- Að viðhalda góðum siðum og venjum skólanna þrátt fyrir sameiningu.

Fyrra árið voru nemendur Holtsskóla í þremur samkennsluhópum en nemendur á Flateyri í fimm hópum, samtals voru hópar því átta. Nemendur 9. og 10. bekkjar voru keyrðir úr sveitinni til Flateyrar. Nemendur í 1.-4. bekk á Flateyri fóru einu sinni í viku í Holt og nemendur úr Holti komu í sund, íþróttir o.fl. til Flateyrar.

Þær Sigrún og Krístrún nefna í skýrslunni að í fundargerðum og öðrum gögnum og í viðræðum við þá kennara sem störfuðu við skólann skólaárið 1997-1998 megi sjá að fyrirnefnd atriði hafi verið sett upp sem markmið og einnig tífundaðar leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Mat á því hvernig til tókst var unnið á sama hátt. Það var að mestu persónulegt og unnið af starfsmönnum fyrsta starfsárs Grunnskóla Öfundarfjarðar. Skráninguna unnu skólastjórnendur í samráði við fráfarandi skólastjóra og kennara skólans og var það gert eftir á. Skýrsluhöfundar telja að tæplega sé hægt að segja að matið standist þær kröfur sem gerðar eru til mats á mikilvægum þáttum í tilraunaverkefni (Krístrún Lind Birgisdóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir, 1999).

Eins og getið var áður var það skilyrði tilraunarinnar af hálfu þátttakenda að tilraunin yrði tekin út áður en lengra skyldi haldið. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands tók það verk að sér. Í skýrslunni er ekki lagt mat á skólastarfið, heldur tekur skýrsla hennar aðeins á viðhorfum fólks til sameiningarinnar fremur en endurskipulagningu vegna hennar (Birgir Einarsson og Ólafur H. Jóhannsson, 1999).

Á öðru ári sameiningarinnar voru samkennsluhópar sex í stað átta. Á Flateyri voru fjórir hópar en tveir í Holti. Mikið var um kennaraskipti milli þessara tveggja skólaára og gæti það hafa haft veruleg áhrif á tilraunina. Nemendur í Holti voru 13 og á Flateyri voru þeir 47, hafði fækkað um 10 frá fyrra ári. Að loknu þessu tveggja ára tímabili voru skoðaðar þrjár mögulegar leiðir að framtíðarskipulagi:

- a) Að reka einn skóla á tveimur stöðum.
- b) Að reka einn skóla á Flateyri.

c) Að hverfa til fyrra skipulags, þ.e. að reka tvo skóla með tveimur yfirstjórnnum.

Niðurstaða skýrsluhöfunda var þessi:

Einn skóli á Flateyri er sá kostur sem hópurinn styður frá faglegu sjónarmiði. Það er sú leið sem hópurinn telur að styrki félagsleg tengsl nemenda í firðinum, auðveldi úrbætur í skólastarfi og stefnumótun í átt að hagræðingu í rekstri og skipulagningu. Kennarar telja að þeir geti unnið betur saman á einum stað og hafi betri yfirsýn yfir árganga og það starf sem þar fer fram (Kristrún L. Birgisdóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir, 1999).

Skólaárið 1999-2000 var með óbreyttu sniði en á vordögum 2000 var tekin sú ákvörðun að leggja niður Holtsskóla. Nemendaspa sem gerð var eftir íbúaskrá fyrir árin 1999-2004 sýndi að nemendur í Holtsskóla yrðu 4 skólaárið 2003-2004. Foreldrum nemenda við Holtsskóla var boðið að velja hvort skólinn á Flateyri eða á Ísafirði yrði þeirra heimaskóli og völdu foreldrar Grunnskóla Ísafjarðar sem sinn heimaskóla. Skólaárið 2010 - 2011 sækja sjö nemendur nám úr sveitinni til Ísafjarðar.

2.4. Hugmyndir að flutningi unglíngastígsins frá Flateyri og

Suðureyri til Ísafjarðar

Fjórum sinnum hefur verið lagt af stað í þann leiðangur að flytja unglíngastig af litlu stöðunum í Ísafjarðarbæ yfir á Ísafjörð. Fyrst árið 2001, þá árið 2003, síðan árið 2006 og loks árið 2009. Í öll skiptin hefur verið fallið frá tillögunum. Telja má víst að órofa samstaða fólks í þorpunum hafi vegið þar þyngst.

Rökin sem notuð hafa verið af þeim sem vilja flytja unglíngastigið hafa verið margvísleg, svo sem fjárhagsleg, fagleg og félagsleg. Ýmsum spurningum hefur verið velt upp t.d. hvort nemendur fái ekki betri kennslu í stórum skóla með sérgreinakennurum og góðum tækjakosti. Hvort ekki sé betra fyrir nemendur að vera í stærri hópum og kynnast nýjum vinum og fjölbreyttara félagslífi. Einnig eru það talin rök að ekki sé þörf á litlum skólum ef hægt er að koma öllum fyrir í stærri skólum og fjarlægð er ekki of mikil.

Heimamenn hafa gjarnan skilgreint flutning unglíngastígs þannig að hann jafngildi því að verið sé að stíga fyrstu skrefin í að leggja niður skólann. Sú aðgerð muni

veikja skólann svo mikið að hreinlegra og betra væri að stíga skrefið strax til fulls og flytja allan skólann, í stað þess að vera með skóla á veikum grunni.

Sú skoðun hefur einnig verið áberandi meðal heimamanna að ennþá fámennari skóli sem hefur aðeins mið- og yngsta stig tapi með tímanum tengslum við unglíngastig. Eldri börn haldi uppi félags- og menningarlífi í skólunum og séu þeim yngri fyrirmynd. Hafsteinn Karlsson segir börn læra af öðrum börnum og þar sem ólíkir aldurs hópar séu saman færast þekking, hæfni og siðvenjur frá hinum eldri til hinna yngri. Samvera barna á ólíkum aldri er einnig forsenda þess að þau þrói með sér sterka félagslega færni. Þannig þurfa yngri börn á hinum eldri að halda sem fyrirmyndum, til að aðlagast gildandi menningu og hefðum. (Pétur Bjarnason, 1992)

Þegar hópurinn er lítill þurfa allir að taka þátt í því sem fram fer.

Þannig koma allir fram á skemmtunum skólans og félagslíf og leikir nemenda byggjast á að allir séu með. Nemendur venjast á að taka þátt og átta sig á mikilvægi hvers og eins (Fanney Ásgeirsdóttir, 2007, bls. 12-13).

Á sama hátt þurfa eldri börn að fá tækifæri til að umgangast þau sem yngri eru til að æfast í að taka ábyrgð á öðrum og sýna umhyggju í þeirra garð. Þetta hefur verið samdóma álit flestra sem tekið hafa þátt í umræðunni á vettvangi kennara, foreldra og íbúa þorpanna. Það hefur líka sýnt sig að viðhorf nemenda unglíngadeildanna er að halda beri unglíngastiginu á litlu stöðunum og hafa þeir tekið virkan þátt í að verja skólann þegar umræðan um flutning unglíngastigsins hefur komið upp. Meðal annars hafa þeir sent undirskriftalista til bæjaryfirvalda. Það er alls ekki á þeim að heyra að þeim finnist hallærislegt að vera í litlum skóla. Þeir virðast ekki telja sig einangraða en þeim stendur til boða ýmis samskipti við nemendur annarra skóla á svæðinu. Þegar umræðan stóð sem hæst um að færa unglíngastigið frá Flateyri og Suðureyri voru margar greinar birtar í svæðisblaðinu. Flestar voru þær á eina lund en ein skar sig úr þar sem ungur fyrrum nemandi skrifaði m.a:

Og ég held að það sé alveg málið, krakkar hafa yfirleitt mjög gaman af því að hanga með öðrum krökkum. Þegar ég var unglíngur í Grunnskólanum á Ísafirði á sínum tíma, þá þótti mér mjög gaman að

byrja í gaggó, ekki síst af því að þá bættust í hópinn krakkar úr skólanum í Hnífsdal sem mér fannst mjög fínir. Guðjón í Hnífsdal og Gunnar Pétur, til dæmis. Og það búa alveg margir ennþá í Hnífsdal, þó ég sé viss um að fólk hafi verið alveg jafn pirrað þegar unglingastigið þar var lagt niður (Haukur S. Magnússon, 2007).

Því er oft haldið fram að maður komi í manns stað og þá gjarnan að það venjist á nokkrum árum þó börn þurfi að sækja skóla í næsta byggðarlag. Annað komi í staðinn. Samfélagið aðlagist breyttum aðstæðum og fólk sætti sig við breytt ástand með tíð og tíma. Auðvitað má aðlagast öllu með tímanum. En það er ekki þar með sagt að fólk verði sátt við stöðuna. Sérstaklega ekki þá stöðu sem kemur upp þegar sá raunveruleiki blasir við að það kemur ekki alltaf annað í staðinn og maður kemur ekki alltaf í manns stað.

2.5. Sparnaður

Fjárhagslegu rökin fyrir flutningi unglinganna til Ísafjarðar eru þau að húsnæði sparist og að betri nýting verði á kennurum og tækjabúnaði. Að mati þeirra sem andsnúnir eru nemendaflutningum vantar mikið upp á að þeim útreikningum sé lokið. Fleiri þætti þurfi að taka með í reikninginn. Nefna má sem dæmi aksturskostnað bæði fyrir sveitarfélag og foreldra svo og glataðan tíma sem fer í akstur. Þá er spurning hvort hægt sé að nýta það húsnæði sem losnar. Keðjuverkun veldur því að ef það fækkar í skólanum þá fækkar fólki í sveitarfélaginu líka og þeim mun minni not verða fyrir meira húsnæði. Þannig má leiða að því rök að það húsnæði sem sparast vegna sameiningar skóla nýtist ekki í annað. Þá minnka útsvarstekjur einnig.

2.6. Hugmyndir um flutning unglingastigs 2006 og 2009

Þegar lagt var af stað í fjórða sinni af hálfu bæjaryfirvalda í þá vegferð að flytja unglingastig frá Flateyri og Suðureyri til Ísafjarðar árið 2009 voru skipaðir vinnuhópar frá hvorum stað sem í voru skólastjóri, fulltrúi foreldra, fulltrúi íbúa, grunnskólafulltrúi og einn meðlimur fræðslunefndar. Grunnskólafulltrúi og fræðslunefndarmaðurinn voru í báðum nefndum. Suðureyrarnefndin skilaði fljótt af sér skýrslu þar sem niðurstaðan var ótvíræð að ekki skyldi flytja unglingastigið til

Ísafjarðar. Flateyrarnefndin klotnaði þar sem mikill ágreiningur var fyrir hendi. „[...] kom greinilega í ljós að starfshópurinn myndi tæplega geta náð að skila sameiginlegu álitum. Á nauðsynlegt traust og virðingu skorti [...]“ (Bjarnheiður Ívarsdóttir, Guðmundur Björgvinsson og Skarphéðinn Ólafsson, 2009 bls. 4).

Nefndin skilaði því tveimur álitum frá meiri- og minnihluta. Meirihlutinn samanstóð af fulltrúum heimamanna. Í skýrslunni kemur fram að þær ástæður sem taldar eru fram sem rök fyrir flutningi unglingsstigsins eru sitt á hvað fagleg og fjárhagsleg, stundum samvinnuð og stundum ekki.

2.7. Fagleg atriði

Hver eru rök fyrir því að loka skólunum? Í málflutningi þeirra sem vilja sameina unglingsdeild stærri skóla kemur fram að þeir telji litlu skólana ekki geta boðið upp á eins mikið val og þeir stærri, að sérhæfing (faggreinakennarar) skili betri árangri. Betri útbúnaður sé í stærri skóla til kennslu og þá sérstaklega verkgreinakennslu

Það liggur í hlutarins eðli að þar sem árgangar eru fámennir, 2-6 nemendur, þarf að vera samkennsla. Áður var mikið rætt um að samkennsla væri lakara form en kennsla einstakra árganga. Áhersla í þessum efnum hefur breyst mikið þar sem áhersla á einstaklingsbundið nám á nú æ meira fylgi að fagna, og þá skiptir aldursblöndun ekki öllu máli. Stærri skólar hafa tekið upp einstaklingsmiðað nám sem og samkennslu árganga.

Ingvar Sigurgeirsson (1989) telur að fámennir skólar standi fyllilega jafnfætis stóru skólunum hvað varðar kennsluhætti. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að í fámennu skólunum sé skólabragur góður, kynni, samvinna og félagsleg tengsl nemenda innbyrðis og nemenda og kennara séu einnig góð. Kennsluhættir einkennist af aldursbundinni kennslu. En hann segir einnig að samkennsla valdi kennurum erfiðleikum eða sé talin óæskileg. Frá því þetta er ritað hefur mikið vatn runnið til sjávar og samkennsla og einstaklingsmiðað nám er orðið viðurkennt víðast hvar.

Sú þróun hefur átt sér stað að æ fleiri menntaðir kennarar skipa nú stöður í minni skólum ólíkt því sem var áður þannig að sú umræða sem var áberandi fyrir nokkrum árum að frekar væri ómenntað fólk í smærri skólum á tæpast við lengur. Ástæða þess er margþætt, t.d. hafa sveitarfélög verið að fjölga aftur í bekkjum,

nemendum fækkar, sem þýðir fækkun kennara. Þá hefur atvinnutækifærum fækkað almennt sl. þrjú ár.

Álag á kennara er oft meira í stærri skólum, m.a. vegna agavanda, fleiri verkefnum er bætt á þá og ítrekaðar kröfur gerðar um sparnað. Þetta gerir minni skóla samkeppnisfærari. Auðvitað eru agavandamál líka í minni skólum en skólafólk er almennt sammála því að þau séu í miklum minna mæli en í þeim stærri og viðráðanlegri vegna nærsamfélagsins þar sem allir þekkja alla.

2.8. Félagslegt atriði

Því hefur verið haldið fram að fámenni í bekkjum geti leitt til einsleitni og einangrunar nemenda og skili ekki nógu félagslega þroskuðum einstaklingum upp í menntaskóla. Sagt er að nemendur fari á mis við eðlilegt félagslíf og það hamli þroska þeirra í mannlegum samskiptum. Hugsunin um „sveitamanninn“ sem kann sig ekki í margmenni er býsna lífsseig. Rannsóknir á jafningjahópum og tengslamyndun leiða í ljós að jákvæð, gagnkvæm sambönd myndist í fámennum skólum (Hjalti Jóhannesson og Sigrún Sif Jóelsdóttir, 2009).

Þá er ekki líklegt að þeir nemendur sem keyrðir eru á milli byggðalaga muni njóta þess félagslífs sem er stundað í Grunnskóla Ísafjarðar. Ástæðan er sú að slíkt starf fer fram utan stundaskrár og þá eru nemendurnir oft farnir heim. Vandséð er að foreldrar muni aka þeim á milli á kvöldin til að taka þátt í þessu starfi.

Það er óskhyggja að hægt verði að smala börnum úr sveitarfélaginu saman í einn skóla til þess að spara fjármuni. Framhjá hinum félagslegu þáttum verður ekki litið. Enda vandséð að það leiði til sparnaðar til lengri tíma að grafa þannig undan byggðakjörnum og stuðla í reynd að samdrætti og hugsanlegri fólksfækkun Bjarnheiður Ívarsdóttir, Guðmundur Björgvinsson og Skarphéðinn Ólafsson (2009).

Félagslíf eftir skóla getur verið snúið því að hópamyndanir eiga sér stað. Þá þurfa nemendur að bíða mismunandi lengi eftir skólarútu og spurning hvernig á að brúa þann tíma. Þá er aðstaða foreldra til að taka þátt í skólastarfi mjög misjöfn. Eitt af því sem sníður henni stakk er fjarlægð frá skóla.

Gísli H Halldórsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifaði grein þann 25. febrúar 2009 á vef héraðsfréttamiðilsins Bæjarins besta þar sem hann tundaði m.a. ýmis rök með flutningi unglingsstígsins:

Mikilvægari rökstuðningur er þó að börnin muni fá meiri og betri þjónustu í Grunnskólanum á Ísafirði. Ljóst er að þau munu eiga kost á fleiri valáföngum í GÍ. Þar gefst þeim jafnframt kostur á að umgangast reglubundið fleiri ungmenni á sama aldri (Gísli Halldórsson, 2009)

3. Staðan í dag

3.1. Sjónarmið íbúa

Af hálfu yfirvalda í Ísafjarðarbæ hefur eins og áður sagði verið lagt í þann leiðangur í fjórgang að flytja unglingsstigið frá Suðureyri og Flateyri til Ísafjarðar. Ekki hefur þótt vert að skoða flutning frá Þingeyri vegna fjarlægðar og þess að yfir erfiðan fjallveg er að fara. Í öll skiptin hefur verið órofa samstaða gegn þessum áformum meðal íbúa, þvert á alla flokkapólitík. Ekki hafa fundist neinir foreldrar sem vildu ljá máls á því að börnin þeirra yrðu send í skóla til Ísafjarðar. Þetta á bæði við um foreldra á Flateyri og Suðureyri.

Flateyringar [...] hafa margir látið álit sitt í ljós við okkur sem skipuð vorum í starfshópin. Engir þeirra hafa talið að nemendaflutningar- og þar með hugsanleg lokun skólans eftir örfá ár-sé ásættanleg aðgerð (Bjarnheiður Ívarsdóttir o.fl. 2009, bls. 5).

Trúlega er það fyrst og síðast þessi samstaða sem myndaðist meðal foreldra sem kom í veg fyrir að bæjaryfirvöld létu verða af þessum flutningum.

Þegar þessar umræður stóðu sem hæst, árið 2006, kom sú réttmæta spurning fram á íbúafundum hvort foreldrar væru að taka eigin hagsmuni framyfir hagsmuni barna sinna. Fólk spurði sig hvort verið væri að skerða félagslega möguleika þeirra, hvort skortur á valgreinum myndi hefta nám þeirra og fleiri spurninga af þessu tagi.

Þegar rök eru skoðuð má álykta að hagsmunir barna og foreldra fari saman í þessu máli þar sem foreldrar töldu það vera forsendu fyrir búsetu sinni á smærri stöðunum að börn þeirra gætu sótt þar skóla. Rétt er að benda á að skv. grunnskólastefnu Ísafjarðarbæjar sem samþykkt var af bæjarstjórn 2. apríl 2008 stendur að helstu markmið séu eftirfarandi:

Að nemendur sækji að öðru jöfnu, þann grunnskóla sem næstur er heimili þeirra. Að nemendur geti stundað nám í fjarlægari skóla í sveitarfélaginu ef þörf krefur og viðkomandi skóli er í stakk búinn til að taka á móti þeim (Ísafjarðarbær, 2008).

Þarna er sá varnagli sleginn að ef foreldri telur það nauðsyn að barnið fari í stærri skóla þá sé það frjálst. Ekki verður annað séð á greinum og úr viðtölum við foreldra en að þeirra mat sé að börn þeirra fái fullnægjandi menntun í minni skólunum. Þó að fámennið sé ekki gallalaust, eins og t.d. er varðar færri valkosti er kemur að valgreinum, þá væru aðrir kostir til staðar sem myndu veita það upp eins og t.d. fámennari bekkir. Það var einnig mat bæði kennara og foreldra að með því að leggja niður unglíngadeildina væri mið- og yngsta stig miklu verr sett þar sem fyrirmyndina vantaði. Faglega væri skólinn mun fátækari og það væri þannig fyrsta skrefið í að leggja niður skólann. Þannig myndi rofna ákveðin samfella í námi þar sem með tíð og tíma hyrfi reynsla kennara af kennslu og námi á unglíngastigi úr byggðalaginu og því ekki eins hægt um vik að tengja nám miðstigs við nám í unglíngadeild.

Það kom skýrt fram á Flateyri og á Suðureyri bæði árið 2006 og 2009 að foreldrar báru almennt mikið traust til kennara og stjórnenda skólans. Það er rétt að geta þess að foreldrahópurinn var ekki bara rótgrónir heimamenn heldur fólk sem hafði búið mismunandi lengi á staðnum. Einnig var töluvert um nýbúa, aðallega frá Póllandi og Filippseyjum og tóku þeir virkan þátt í þessum umræðum.

Áhrif flutningsins á samfélagið yrðu mikil þar sem skólinn er eini samnefnari byggðar á okkar tímum og nánast öll önnur opinber þjónusta hefur flust til stærsta byggðakjarnans. Einnig má velta upp þeirri spurningu hvort barnafjölskyldur flytji

á staði þar sem ekki er grunnskóli. Trú manna er sú að styrking sveitarstjórnarstigsins geti snúist upp í andhverfu sína ef jaðarinn veikist um of.

Hvern langar að búa um sig og sína þar sem skólamáluð væri þannig fyrir komið. Við búum á þessum stöðum vegna kostanna við að hafa börnin nærri okkur, nærvera fjölskyldu, skóla og atvinnu skiptir fjölskylduna mestu máli á mótunarárum unglínganna. Röksemdir hafa komið fram um að fag og félagslega séu börnin afskipt. Við foreldrarir treystum okkur algerlega til þess að láta frá okkur heyra ef eitthvað vantar á í skólastarfinu (Guðmundur Björgvinsson, 2007).

4. Samfélagið í varnarbaráttu

4.1. Kenningar

„Í fámennum sveitafélögum er hætt við að samfélagið riði til falls ef skólinn hverfur. Skólinn er kominn í stað kirkjunnar sem sameiningartákn“ (Elmar Sindri Eiríksson, Róbert Jóhann Haraldsson, Sigurður J. Hafberg og Valgerður María Jóhannsdóttir, 2004, bls. 4). Kenningar um félagslegan og menningarlegan auð eru komnar m.a. frá Pierre Bordieau og Bill Mulford. Undir það flokkast t.d. upplýsingar, samskiptareglur, sameiginlegar hugmyndir, ásamt stuðningi og tengslum einstaklinga í milli. Um er að ræða félagsleg samskipti milli manna sem eru skipuleg og byggð á sameiginlegum viðhorfum þeirra, væntingum og gildismati.

Þegar hópur fólks sameinar krafta sína og nær þannig árangri umfram það sem einstaklingi er fært að gera verður til félagslegur auður. Slík samskipti geta átt sér stað milli einstaklinga, hópa eða stofnana. Samskipti skóla og samfélags er dæmi um uppsprettu félagslegs auðs, séu þau gagnkvæm og miði að því að bæta tengslanet beggja aðila. Fræðimenn hafa leitt líkur að því að félagslegur auður sé nauðsynlegur til þess að öflugt og árangursríkt skólastarf geti átt sér stað. Skortur á honum geti aftur leitt til þess að gjá

verði til milli barna og fullorðinna og fíring skapist, ásamt virðingarleysi við reglur samfélagsins.

Mulford talar um ástralska rannsókn á framlagi skóla í dreifbýli til þróunar samfélagsins. Útkoma hennar sýndi að nán samskipti þessara tveggja aðila hefðu jákvæð áhrif á börn og unglinga og einnig samfélagið sjálft. Hér á Íslandi hafa mörg samfélög misst skólann sinn og nemendurnir verið færðir í annað samfélag. Slíkt skapar hættu á að tengslin rofni sem þurfa að vera milli skóla og samfélags. Þá missa börnin þann félagslega bakhjarl sem þau hafa haft í sinni heimabyggð og hún missir um leið hluta af sjálfri sér. Það er mikil blóðtaka fyrir lítil samfélög þegar skólinn hverfur og hættir að vera sá félags- og menningarlegi samnefnari sem hann hefur verið svo lengi (Rúnar Sigþórsson, 2009).

Það sem Rúnar (2009) talar um á vel við um smærri þorpinn á Vestfjörðum Í mörgum þeirra er skólinn orðinn eini samnefnari fólksins. Flest opinber störf sem áður voru þar hafa verið lögð niður og flutt á stærri staðina. Einhver störf kunna að vera eftir en næsta líklegt að stjórnun og ákvörðunartaka allskonar sé miðlæg frá stærri stöðunum. Það hefur því mælst illa fyrir hjá fólki að ljá máls á því að veikja þá einu stofnun sem eftir er þ.e. skólann. Fólk segir að ef skólinn fari þá verði ekki sama hvöt og sá kraftur sem þarf til að berjast fyrir annarri atvinnustarfsemi í þorpinu.

4.2 Nemendapróun

Nemendapróun miðað við íbúafjölda á Flateyri í dag er á þá leið að mjög lítil breyting á nemendafjölda muni eiga sér stað. Eftirfarandi tafla er unnin úr íbúatölum sem birtist í skýrslu minnihluta nefndar um grunnskólastarf á Flateyri frá árinu 2009.

| Bekkir | 2008- 2009 | 2009- 2010 | 2010- 2011 | 2011- 2012 | 2012- 2013 | 2004- 2015 |
|---------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| 1.-3 | 11 | 8 | 5 | 6 | 10 | 8 |
| 4.-6 | 6 | 10 | 7 | 7 | 3 | 9 |
| 7.-8 | 3 | 0 | 7 | 3 | 4 | 5 |
| 9.-10 | 4 | 4 | 7 | 9 | 7 | 3 |
| | 24 | 22 | 26 | 25 | 24 | 25 |

Það fer ekki framhjá neinum að þróunin síðustu árin hefur verið í átt til fækkunar. Tölfræðin gengur út á að áætla framtíðarþróun nemendafjölda með því að rýna í þróun og framreikna út frá því. Þeir mælikvarðar eru smærri stöðunum óhagkvæmir.

Ef horft er til þess hvað foreldrar myndu gera í þeirri stöðu að enginn væri skólinn í þorpinu mætti hugsa sér að hvati væri til þess að færa sig um set þangað sem skóli er í boði. Ekki er líklegt að það sé hvetjandi fyrir fólk með börn á grunnskólaaldri að setjast að þar sem ekki er grunnskóli, eða leikskóli. Vinsælt er að tala um þróun hverskonar og ýmislegt réttlætt með því að segja „þetta er bara þróunin“. Allar mannanna gjörðir hafa áhrif á þróun. Þróun er ekki ósjálfráð, hún markast af samspili ýmissa atburða og gerða. Byggðarþróun getur t.d. ráðist af ákvörðunum stjórnvalda, atvinnumöguleikum, veðurfari, náttúruauðlindum og tískustraumum.

Að menn skuli telja það sjálfsagt að brydda upp á því hvað eftir annað að leggja niður fámenna skóla getur haft áhrif á skoðanir fólks án þess að rök fylgi máli. Að það skuli vera hugmynd sem er á kreiki getur fengið fólk sem áður hafði fulla trú á sínum skóla til að fyllast efasemdum um eigið ágæti og skólann. Fólk getur hugsað sem svo að úr því að skóla- og bæjaryfirvöld eru ítrekað að ljá máls á þessu, hlýtur að vera eitthvað til í því að rétt væri að gera það.

Aftur á móti biðjumst við undan því að vegið sé að fjöreggi okkar sem grunnskólinn er og að hagsmunir fjölskyldna á þessum stöðum séu í lausu lofti við hverja fjárlagagerð og óskum eftir stefnufestu og stöðugleika í þeirri grunnþjónustu sem skólaganga barna er í hverju byggðarlagi. Ég á ekki að þurfa að hafa langt mál um hve brothætt byggð er á þessu svæði og stöðug óvissa um skólamál getur verið sá dropi sem fyllir mælinn þegar fólk ákveður að flytja búferlum og þá liggur leiðin oftast á höfuðborgarsvæðið (Lilja Rafney Magnúsdóttir, 2006).

5. Hvert stefnir?

5.1. Staða sveitarfélaga

Undanfarinn áratug hafa sveitarfélög verið framkvæmdaglöð, byggt upp skóla, íþróttamannvirki, aukið allskonar þjónustu og þannig skuldbetta sig verulega. Rekstrarkostnaður vegna þessara miklu fjárfestinga er að slíga mörg sveitarfélög. Þau eru því ekki í öfundsverðri stöðu þar sem tekjur þeirra hafa dregist saman að raunvirði. Mörg sveitarfélög leita því að nýjum sparnaðarleiðum í rekstri. Það ætlar enginn sveitarstjórnarmaður að loka fámennum skólum af illgirni eða mannvöngu.

Nú er svo komið að flestum sveitarfélögum er ekki stætt á að auka skuldir og lánamöguleikar þeirra hafa þrengst svo um munnar. Þeir leita því logandi ljósi að fjármunum og skoða allar matarholur í því sambandi. Það hefur verið sársaukafullt víða þar sem skera þarf niður þjónustu sem hingað til hefur þótt sjálfsögð og eðlileg. Rekstur grunnskóla tekur drjúgan hluta af skatttekjum sveitarfélagsins og ber sveitarstjórnarmönnum því eðlilega að gæta þess að þeim fjármunum sé vel varið og að tekið sé tillit til hagsmuna sem flestra íbúa. Í sveitarstjórnir velst fólk með mismunandi bakgrunn og ekki er víst að allir hafi djúpa innsýn í öll mál.

Almennt eru sveitarstjórnir ekki mannaðar fagfólki í samfélagsmálum og því er kannski meira horft á tölur en samfélagslegar afleiðingar. Flest stærri sveitarfélög starfrækja skólaskrifstofur eða fræðsluskrifstofu. Þar er starfandi fólk með faglega þekkingu á skólamála. Það er ekki þar með sagt að viðkomandi starfsmenn geti sett sig í spor allra í skólasamfélaginu. Þar er átt við að starfsmenn skólaskrifstofunnar hafa ákveðna reynslu sem rímar kannski ekki við félagsheim þeirra sem lifa og starfa í smærri þorpunum.

Eins og áður hefur komið fram er ákveðin þróun sem átt hefur sér stað í búsetu fólks. Fyrr á öldinni sem leið flutti fólk úr sveit í þorp og bæi og á seinni hluta aldarinnar frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins. Það er ekki bara á Íslandi sem tilhneiging hefur verið að fólk flytji sig þangað sem stærri þjónustukjarnar eru. Sama þróun hefur átt sér stað víðast í Evrópu. Er eðlilegt að spyrja hvort þessir flutningar nái einhverju jafnvægi eða hámarki. Má búast við að þróunin geti gengið að einhverju leyti til baka?

Til að meta þessar spurningar þarf að greina ástæður þessarar þróunar. Hefur eitthvað breyst sem minnkar hvatann til flutnings til stærri staða? Getur verið að betri samgöngur hafi áhrif? Getur aukin mengun haft áhrif? Að fólk aðhyllist í nýjum mæli lífsgildi sem eru andsnúin hraða og stressi en leiti í auknum mæli í kyrrð landsbyggðarinnar sem getur hægt á þróuninni eða snúið henni við. Almenn heyrist það að Íslendingar vilji halda landinu öllu í byggð. Þó andstaða við lokun fámennra skóla sé almenn gera menn sér grein fyrir að það þrengir að og telja sig fúsa til að taka þátt í hagræðingu og leita nýrra leiða til að tryggja tilverurétt skólanna.

5.2. Samvinna smærri skóla

Ein hugmynd sem hefur komið fram í umræðunni um styrkingu smærri skóla er nánari samvinna þeirra.

Minni Grunnskólarnir þrír á Flateyri Þingeyri og Suðureyri hafa í gegnum árin átt með sér lítilsháttar samstarf. Síðustu misseri hafa skólarnir verið að reyna að auka þetta samstarf. Eitthvað hefur verið um kennaraheimsóknir milli skóla þar sem greinakennarar hafa miðlað hver til annars. Þetta hófst formlega fyrir um tveimur árum að frumkvæði skólaskrifstofunnar.

Skólarnir hafa nú í rúmt ár unnið að þróunarverkefni undir handleiðslu Þóru Bjarkar Jónsdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa á Skólaskrifstofu Skagfirðinga, þar sem farið hefur verið yfir ýmislegt sem lýtur að kennsluháttum í smærri skólum með blandaða árganga. Afkastur þessa verkefnis mun líta dagsins ljós áður en skóla lýkur í vor. Skólarnir þrír ásamt Súðavíkurskóla hafa einnig haft með sér samstarf um íþróttahátíð fyrir 1.-7. bekk á hvert.

Á hverju hausti fara 7. bekkir skólanna í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Þar sem börnum í árganginum hefur fækkað nokkuð á síðustu árum hafa skólarnir tekið það til bragðs að skiptast á að senda einn kennara með en áður fór einn kennari frá hverjum skóla.

Skólarnir fara allir í lengri skólaferðir sem vara í 4- 6 daga með elstu nemendum sína. Nú er komin upp sú umræða að skólarnir þrír sameinist um ferðina og ætti það að teljast mjög jákvætt félagslega.

Í stað þess að leggja fámennan skóla niður eru aðrir kostir. Einn er sá að nýta sérstöðu skólans og þá möguleika sem hann hefur upp á að bjóða. Nýta þá þekkingu sem samfélagið í kringum hann býr að. Þar er að finna margt fólk sem býr yfir hæfileikum og sérþekkingu sem hægt er að bjóða nemendum upp á. Í sjávarþorpunum er það allt sem lýtur að sjávarútvegi. Sjómenn geta t.d. kennt flökun, hnútagerð, beitingu og netagerð. Lífríki fjörunnar er heimur sem hægt er að skoða og rannsaka í leiðsögn sérfróðra manna. Þá er hægt að fá handverks- og listafólk til að kenna listsköpun ýmiss konar. Áfram má telja iðnaðarmenn, bændur, verkamenn, bankamenn, húsmæður. Starfskynningar á leikskóla öldrunarheimili og fleiri vinnustaði. Þá er það mikilvægt atriði að fámenni skólinn sé skipaður réttindakennurum. Að hann sé vettvangur vel menntaðra og metnaðarfullra kennara. Náist það verður erfiðara að koma fram með rök um að leggja hann niður.

Til að réttlæta það að halda úti fámennum skólum sem eru dýrari hlutfallslega, ef horft er á tölur, verða menn að sýna fram á að skólinn sé góður. Þar þarf að ríkja metnaður, sýnilegur árangur og að samfélagið sé sáttt við hann og styðji hann. Hann þarf að vera og áhugaverður fyrir foreldra og nemendur heim að sækja. Á tíma þar sem fólk horfir á eftir atvinnutækifærum frá byggðunum horfa menn til skólans sem hjarta samfélagsins. Gæti skólinn ef til vill breikkað starfssvið sitt t.d. með sameiningu við leikskóla og jafnvel tónlistaskóla? Gæti skólinn hugsanlega tekið að sér fullorðinsfræðslu í einhverri mynd? Þar sem skólinn er trúlega orðin sú eina eða ein af fáum stofnunum í samfélaginu mætti ímynda sér að hann tæki að sér fleiri hlutverk fyrir sveitarfélagið.

5.3. Foreldraviðtöl

Hér fara á eftir spurningar til foreldra á Flateyri sem lagðar voru fram í foreldraviðtölum í febrúar 2011. Foreldrar tóku spurningarnar með sér heim og svöruðu tveimur til sex dögum síðar. Svörin voru skrifleg en nafnlaus þannig að ekki var hægt að rekja þau. Foreldrarnir voru 13 og svör bárust frá 11. Hér á eftir fara spurningarnar og svörin. Lykilspurningin varðandi þessa ritgerð er spurning nr. 4. Engu að síður er rétt að birta öll svör, en þó ýtarlegri svör við spurningu 4.

1. Ert þú ánægð(ur) með skólastarfið?
2. Líður barninu þínu vel í skólanum?

3. Hvernig er sambandi þínu við kennara háttað?
4. Hver er afstaða þín til þess að barnið þitt fari í skóla á Ísafirði?
5. Hvað finnst þér að betur mætti fara í skólastarfi?
6. Hvað finnst þér um heimanám barnsins, er það hæfilegt, of lítið eða of mikið?

Spurning 1.

Níu foreldrar voru mjög ánægðir með skólastarfið. Tveir sögðust lítið fylgjast með hvað væri að gerast í skólanum.

Spurning 2.

Sjö svöruðu afdráttarlaust já. Fjórirsögðu að börnunum liði oftast vel. Suma daga væru þau ekki eins ánægð.

Spurning 3.

Fimm sögðu að samband þeirra við kennara væri gott. Fjórir sögðust ekkert samband hafa við kennara og tveir voru frekar óánægðir með samstarf við kennara og sögðu upplýsingar berast seint og illa.

Spurning 4.

Tíu svöruðu því til að það væri ekki inn í myndinni að senda börnin á Ísafjörð. Fjórir bættu því við að frekar flyttu þeir eitthvað annað, þangað sem væri góður grunnskóli. Eitt foreldri svaraði ekki spurningunni.

Spurning 5.

Sjö nefndu að upplýsingar um eitt og annað sem snýr að börnunum og skólastarfi skilaði sér ekki til þeirra, miðar frá kennurum skiluðu sér illa. Sex svöruðu því til að skólalóðin væri langt frá því að fullnægja kröfum sem gerðar væru.

Spurning 6.

Premur foreldrum þótti heimanámið helst til of mikið. Tveimur þótti það of lítið. Sex fannst það hæfilegt.

Nokkur svör við *spurningu 4:*

- 1) Ég nenni ekki að spá í þessa vitleysu, búinn að fá nóg af þessu kjaftæði. Ég held þeir geti nú sparað einhvers staðar annarsstaðar.
- 2) Það kæmi aldrei til greina að ég sendi barnið mitt þangað. Ég bý hér og hér fer barnið mitt í skóla.
- 3) Ég sé engin rök fyrir því að mín börn fari í skóla á Ísafjörð. Það kemur ekki til mála.

- 4) Mitt barn á fullan rétt á því að ganga í skóla í sínum heimabæ. Við munum aldrei setta okkur við annað. Ef það á að þröngva þessu upp á okkur þá erum við flutt í burtu, ekki minnsta spurning.
- 5) Það er forsenda búsetu okkar að börnin okkar fái að ganga hér í skóla. Ef svo verður ekki eru forsendur fyrir búsetu okkar brostnar.
- 6) Það er nú vonandi fullreynt með þessar æfingar en sem svar við spurningunni kæmi það aldrei til greina. Það má vel vera að á Ísafirði sé ágætur skóli en það er alls ekki málið. Hér er góður skóli og hér vil ég að barnið mitt fái sína grunnskólamenntun.

5.4. Framtíðin

Sérfræðingar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD, sem gerðu úttekt á íslenska skólakerfinu, skoðuðu allmarga af smærri skólunum og þeir segja m.a. í skýrslu sinni:

Það er enginn vafi á því, að framtíð þorpa og sveita mun að miklu leyti ráðast af þeirri menntun sem skólar þar geta boðið, og sama má segja um landið í heild, þ.e. efnahagsleg framtíð þess mun ákvarðast af skólakerfinu (Pétur Bjarnason 1990, bls. 1).

Í skýrslunni segir einnig að skiljanlegt sé að fólk í sveitum og minni byggðakjörnum vilji halda í skóla sína bæði til þess að börnin þurfi ekki að ferðast langar leiðir til að komast í skóla og eins vegna þess að skólinn er miðpunktur hinnar dreifðu byggðar. Tengsl heimila og skóla styrkjast við þessar aðstæður og foreldrar geta tengst skólastarfi betur en ella. Þó að það sé vandkvæðum bundið að kenna allar námsgreinar í litlum skólum og að fá menntaða kennara til starfa þá er varla annað inni í myndinni en að halda rekstri þeirra áfram.

Ekki er hægt að sjá annað á skýrslunni en að sérfræðingarnir álíti litlu skólana nauðsynlega, þó að ýmislegt megi finna að þeim (Pétur Bjarnason, 1990).

Þá má velta fyrir sér þeim áhrifum sem það hefur á Grunnskólann á Ísafirði ef litlu skólarnir í nágrennabyggðunum verða lagðir niður. Við það missir skólinn ákveðin tengsl sem hann hefur haft við þessi skólasamfélög þar sem unnið hefur verið starf sem oft er öðruvísi vegna smæðarinnar, ásamt þróunarstarfi

ýmiss konar sem nýtist gjarnan í stærri skólum líka. Þá verður stóri skólinn eini skólinn á svæðinu sem getur leitt til ákveðinnar einsleitni.

Í framhaldi af þessu má vitna í grein í bb.is eftir Jón Svanberg Hjartarson íbúa á Flateyri þar hann ræðir um skólamál landsbyggðarinnar í víðara samhengi:

Með því að færa skólastarf, að hluta eða í heild, á milli þéttbýliskjarna er um leið verið að taka afstöðu til þess hvernig við viljum sjá sveitarfélagið byggjast upp í framtíðinni. Þar eiga við sömu rök og sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni nota í baráttunni við ríkið, þ.e. baráttunni gegn því að allt sogist til höfuðborgarsvæðisins. við leyfum okkur að smækka þá mynd aðeins og að líta á Ísafjarðarbæ sem “allt landið” með höfuðborgina Ísafjörð. Erum við þá ekki farin að sjá samhengið? (Jón Svanberg Hjartarson, 2006).

6. Lokaorð

Sjálfsagt lýkur umræðunni um hvort halda eigi úti fámennum skólum aldrei. Enda eðlilegt að skoða kosti þess og galla á mismunandi tímum. Niðurstaða þessarar samantektar er sú að vel þarf að vanda til slíkra ákvarðana. Skoða verður hvaða afleiðingar það hefur til lengri tíma litið. Ekki má fórn miklum framtíðarhagsmunum fyrir minni skammtíma hagræðingu. Því miður hefur reyndin verið sú í áformum um flutning unglíngastigsins í þeim þorpum sem hér hafa verið til umfjöllunar að menn hafa farið fram með lítt grundaðar áætlanir sem því miður hafa skilið eftir sig sár, vantraust og óöryggi. Það er vonandi að menn hafi eitthvað lært af því sem á undan er gengið. Sumstaðar er almenn samstaða og sátt um að leggja niður skóla eða flytja unglíngastigið eins og t.d. í Mýrarhreppi. Annarsstaðar er ágreiningur og sjálfsagt hafa flestir nokkuð til síns máls. Burtséð frá almennri umræðu, kenningum og rannsóknum á fámennum skólum, kostum þeirra og göllum þarf hvert tilfelli að fá sína sérstöku skoðun. Skoða verður hvert dæmi fyrir sig. Það gætu verið framundan betri dagar ef sjávarútvegurinn verður leystur úr álögum eins og stjórnvöld tala nú um að gera. Þá gæti landið farið að rísa, atvinna að glæðast og fólki að fjölga aftur í hinum dreifðu byggðum landsins.

7. Heimildir

Birgir Einarsson og Ólafur H Jóhannsson (1999). *Framtíðarskipan skólalalds í Öfundarfirði*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Bjarnheiður Ívarsdóttir, Guðmundur Björgvinsson og Skarphéðinn Ólafsson (2009). *Tillögur starfshóps um grunnskólastarf á Flateyri 2009. Meirihlutaálit*. Flateyri: Ísafjarðarbær.

Elías Oddsson og Kristín Ósk Jónasdóttir (2009). *Tillögur starfshóps um grunnskólastarf á Flateyri 2009. Minnihlutaálit*. Ísafjörður: Ísafjarðarbær.

Elmar Sindri Eiríksson, Róbert Jóhann Haraldsson, Sigurður J. Hafberg og Valgerður María Jóhannsdóttir (2004). *Fámennir skólar, hvernig er er hægt að réttlæta tilveru þeirra?* Óbirt ritgerð. Kennaraháskóli Íslands

Fanney Ásgeirsdóttir (2007). „Í þennan skóla er hægt að koma frá vöggju til grafar“ *Samfélagslegt hlutverk fámenna skólans*. Óbirt MA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild, Akureyri.

Gísli H. Halldórsson (2009, 25. febrúar). Um flutning skólastiga frá Flateyri og Suðureyri. *Bæjarins besta*, 128507. Sótt 16. mars 2011, frá <http://bb.is/Pages/82?NewsID=128507>

Guðmundur R. Björgvinsson (2007, 23. janúar). Opið bréf til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. *Bæjarins besta*, 94272. Sótt 15. mars 2011 frá <http://bb.is/Pages/82?NewsID=94272>

Hagstofa Íslands (2011). Sótt 24. apríl frá <http://hagstofa.is/?PageID=625&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN03106%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+bygg%F0aki%F6rnum%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2011++++%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands (2011). Sótt 24. apríl frá <http://hagstofa.is/?PageID=625&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN03107%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+bygg%F0aki%F6rnum%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1991%2D1996++++%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnareldra/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

- Haukur S. Magnússon (2007, 30. janúar). Orð í belg í umræðuna um flutning unglíngastigsins. *Bæjarins besta*, 94732. Sótt 15. mars 2011, frá <http://bb.is/Pages/82?NewsID=94732>
- Helgi Gestsson og Trausti Þorsteinsson (2003). *Dalvíkurbyggð; Framtíðarskipan Grunnskólamála í Dalvíkurbyggð*. Akureyri: Skólaþróunarsviði Kennaradeildar Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson og Sigrún Sif Jóelsdóttir (2009). *Skólamál í Öxarfirði, mat á ytri aðstæðum vegna breytinga á skipulagi skólamála*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Ingvar Sigurgeirsson (1989). *Notkun námsefnis í fámennisskólum*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Ísafjarðarbær (2008). Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar. Sótt 10. mars 2011 frá <http://isafjordur.is/utgefing/efni/skola-og-felagsmal/skra/157/>
- Jón Svanberg Hjartarson (2006, 4. desember). Hagræðing í þágu landsbyggðar? *Bæjarins besta*, 88709. Sótt 19. mars 2011 frá <http://bb.is/Pages/82?NewsID=88709>
- Kristrún Lind Birgisdóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir (1999). *Samantekt vegna sameiningar Holtsskóla og Grunnskóla Flateyrar 1997-1999*. Flateyri: Grunnskóli Önundarfjarðar.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir (2006, 6. desember). Vér mótmælum! *Bæjarins besta*, 88983. Sótt 18. mars 2011 frá <http://bb.is/Pages/82?NewsID=88983>
- Pétur Bjarnason (1992). Staða fámennisskóla í skólakerfinu. Geta þeir rækt hlutverk sitt? *Uppeldi og menntun*, 1, 232 – 241.
- Rúnar Sigþórsson. (9. maí 2009). *Það þarf þorp til að ala upp barn – og barn til að ala upp þorp*. Fyrirlestur fluttur á ársþingi Samtaka fámennra skóla.
- Þóra Björk Jónsdóttir (2000). „Þetta veltur allt á góðum starfsfélögum.“ *Hugmyndir kennara fámennra skóla um stuðning í starfi*. Óbirt M. Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.